

Drög - Skýrsla starfshóps KSÍ um fyrirkomulag Lengjudeildar karla

Skýrsla til stjórnar KSÍ þann 23. nóvember 2021

Inngangur

Í samræmi við ályktun ársþings KSÍ 2021 skipaði stjórn KSÍ starfshóp um fyrirkomulag Lengjudeildar karla. Verkefni hópsins var að rýna núverandi fyrirkomulag deildarinnar og jafnframt að kanna möguleika á útfærslu á breyttu keppnisfyrirkomulagi. Markmið hópsins var að skoða þau tækifæri sem eru til framþróunar í deildinni.

Starfshópurinn og verklag

Stjórn KSÍ skipaði starfshópinn 24. maí. Vignir Már Þormóðsson, formaður, Ásgrímur Helgi Einarsson, Gestur Örn Arason, Daníel Geir Moritz, Sölvi Snær Magnússon og Arnar Bill Gunnarsson, starfsmaður á vegum KSÍ. Fljótlega eftir fyrsta fund var kosin ný stjórn KSÍ á aukabingi. Í kjölfarið bættust Jón Steindór Sveinsson, Kolbeinn Kristinsson, Baldur Már Bragason við hópinn, en Gestur Örn hætti.

Starfshópurinn fundaði fjórum sinnum, 18. ágúst, 4. nóvember, 15. nóvember og 18. nóvember. Í tvígang var sendur tölvupóstur á félögin í deildinni og gert grein fyrir störfum hópsins og kallað eftir ábendingum. Engar ábendingar bárust með tölvupósti, fyrr en nefndarmenn hringdu í forráðafólk félaganna. Náðist með þessu í flest félögin og fékkst þannig nokkuð góð yfirsýn um þeirra skoðanir.

Tillögur félaganna

Samkvæmt innsendum erindum og samtölum við forystumenn í Lengjudeild karla þá eru skiptar skoðanir um keppnisfyrirkomulag 2022.

Eftirtaldar tillögur komu frá félögnum og voru ræddar á fundum starfshópsins;

- **Óbreytt fyrirkomulag** – 12 liða deild þar sem spiluð er tvöföld umferð
- **Sama fyrirkomulag og fyrirhugað er í efstu deild karla** – 12 liða deilda þar sem spiluð er tvöföld umferð og í kjölfarið er úrslitakeppni þar sem efst 6 liðin mætast í 5 umferðum og neðstu sex liðin mætast í 5 umferðum.
- **12 liða deild og þreföld umferð.**
- **12 liða deild, tvöföld umferð (umspil).** Efsta liðið fer beint í efstu deild en liðin í 2. – 5. sæti fara í umspil um eitt sæti í efstu deild. Liðin í öðru sæti og fimmta sæti annars vegar og liðin í þriðja sæti og fjórða sæti hins vegar, spila heima og heiman og sigurvegararnir spila síðan stakan úrslitaleik á hlutlausum velli.
- **12 liða deild (umspil á milli deilda)** þar sem efstu tvö fara upp um deild og neðstu tvö falla. Liðið í þriðja efsta sæti spilar úrslitaleik um sæti í efstu deild við liðið í þriðja neðsta sæti efstu deildar. Sömuleiðis spilar liðið í þriðja neðsta sæti Lengjudeildar úrslitaleik við liðið í þriðja efsta sæti 2. Deildar um sæti í Lengjudeildinni.
- **14 liða deild (umspil á milli deilda)** þar sem efstu tvö fara upp um deild og neðstu tvö falla. Liðið í þriðja efsta sæti spilar úrslitaleik um sæti í efstu deild við liðið í þriðja neðsta sæti efstu deildar. Sömuleiðis spilar liðið í þriðja neðsta sæti Lengjudeildar úrslitaleik við liðið í þriðja efsta sæti 2. Deildar um sæti í Lengjudeildinni.
- **14 liða deild, tvöföld umferð (umspil).** Efsta liðið fer beint í efstu deild en liðin í 2. – 5. sæti fara í umspil um eitt sæti í efstu deild. Liðin í öðru sæti og fimmta sæti annars vegar og liðin í þriðja sæti og fjórða sæti hins vegar, spila heima og heiman og sigurvegararnir spila síðan stakan úrslitaleik á hlutlausum velli.

Meðlimir hópsins höfðu til hliðsjónar góða skýrslu starfshóps um fjölgun leikja í Pepsi Max deild karla sem unnin var fyrir ári síðan, þar koma fram margar mjög nytsamlegar upplýsingar. Hlekkur á skýrsluna er hér að neðan.

<https://www.ksi.is/um-ksi/frettir/frettasafn/frett/2020/12/21/Skyrsla-starfshops-um-fjolgun-leikja-i-Pepsi-Max-deild-karla/>

Mikil umræða var um kosti og galla þess að fjölga leikjum í deildinni. Flestir jú sammála um að leikmenn þurfi fleiri leiki sem skipta máli til að bæta sig knattspyrnulega og um leið íslenska knattspyrnu en sitt sýnist hverjum leiðin að þeim markmiðum. Fleiri leikir geta bæði þýtt aukinn kostnað en líka einhverjar auknar tekjur. Erfitt er að meta hvort eykst meira og fer það auðvitað eitthvað eftir keppnisfyrirkomulagi. Ef ætti að lengja keppnistímabilið þá er álitamál í hvorn endann ætti að gera það. Fleiri leikir þýða líka fleiri dómaraströf og spurning hvort nógu margir dómara séu til staðar til að sinna fleiri leikjum og hefur líka aukinn kostnað í för með sér. Eins og áður segir er hópurinn sammála um að fleiri leikir skipta máli en það þarf jafnframt að skoða betur kostnað og vallaraðstæður áður en stórar breytingar ná fram að ganga.

Meðlimir hópsins rýndu mest eftirfarandi þrjár tillögur;

- Fjölga liðum um 2 þ.e. hafa 14 lið í deildinni og spila tvöfalda umferð.
- 12 liða deild sem skiptist síðan í efri og neðri hluta eftir 22 umferðir þ.e. sama fyrirkomulag og ráðgert er í efstu deild karla á næsta ári.
- 12 liða deild, tvöföld umferð. Efsta liðið fer beint í efstu deild en liðin í 2. – 5. sæti fara í umspil um eitt sæti í efstu deild.

Tillaga starfshópsins

Tillagan sem fékk mestan hlómgrunn frá félögum og starfshópurinn mælir með er eftirfarandi;

12 liða deild, tvöföld umferð (umspil).

Efsta liðið fer beint í efstu deild og tvö neðstu liðin falla í aðra deild. Liðin í 2.-5. sæti fara í umspil um eitt laust sæti í efstu deild. Liðin í 2. sæti og 5. sæti annars vegar og liðin í 3. sæti og 4. sæti hins vegar, spila heima og heiman og sigurvegararnir spila síðan stakan úrslitaleik á hlutlausum velli.

Að mati starfshópsins þá eru þetta kostir keppnisfyrirkomulagsins:

- Einföld framkvæmd þar sem fyrir eru 12 lið í deildinni.
- Einungis fimm auka leikir fyrir deildina, ætti að vera hægt að koma þeim fyrir í lok hefðbundins tímabils þó vissulega séu þar áskoranir eins og leikir í efstu deild karla sem og landsleikjahlé.
- Einfalt að breyta til baka í fyrra fyrirkomulag í lok tímabils ef vilji er fyrir því.
- Býr til fleiri leiki þar sem mikið er í húfi.
 - Þar sem 5. sætið fer í umspil þá eru góðar líkur á að öll félög hafi að einhverju að keppa fram í lokaumferðir (umspil eða forðast fall).
 - Enn mikilvægara að enda í 1. sæti og sleppa þannig við umspilið.
 - Leikirnir í umspilinu ættu að draga að mikla athygli, sem skilar fleira fólki á völlinn og meiri umfjöllun í fjölmiðlum. Lengjudeildin verður fyrir vikið betri söluvara.

Helsti galli keppnisfyrirkomulagsins að mati starfshópsins er að einungis fjögur lið fá fleiri leiki og einnig ef mögulega þyrfti að þetta mótið til að koma umspilinu fyrir fyrr sem myndi þá þýða aðeins styttra tímabil fyrir önnur lið.

Það er von starfshópsins að þessi skýrsla og þær viðræður sem hafa átt sér stað við félagin skapi umræðu um þróun mótsins og að breið sátt náist um næstu skref.